




Humar í geimnum



Stjörnufræði hjálpar okkur að ráða fram úr leyndardómum alheimsins. Hún snýst ekki aðeins um að taka fallegar myndir, þótt við njótum þeirra vissulega. Þessi glæsilega mynd er af hinni svokölluðu „Humarpöku“ en hana tók sjónauki sem kallast VISTA og hefur það hlutverk að kortleggja himininn. Sjónaukinn er að kortleggja Vetrarbrautina okkar til að hjálpa okkur að skilja hvernig hún varð til.

Á myndinni sést svæði í geimnum sem inniheldur risavaxið ský úr gasi og dökkum rykslæðum sem við köllum geimpöku. Í þessum skýjum eru stjörnur að myndast sem gefa frá sér bláhvítt ljós, séð í sýnilegu ljósi. VISTA sjónaukinn sér himininn aftur á móti í innrauðu ljósi, tegund ljóss sem augu okkar sjá ekki. Í sýnilegu ljósi – því sem augu okkar greina – er þokan allt öðruvísi. Smelltu hér og þú skilur hvers vegna skýið er stundum kallað „Humarpokan“.

Þjarti ljósbletturinn við miðju myndarinnar kallast Pismis 24-1. Um árabíl héldu stjörnufræðingar að þetta væri þyngsta stjarnan á himninum, um 300 sinnum þyngri en sólin. Síðan komust þeir að því að hún var í rauninni ekki ein stjarna heldur þrjár risastórar og þjartar stjörnur! Engu að síður eru þessar stjörnur meðal þeirra stærstu sem við vitum um í Vetrarbrautinni okkar.

COOL FACT

Sumir stjörnufræðingar telja að allt að tvær af hverjum þremur stjörnum séu fjölstirni, eins og Pismis 24-1. Það er erfitt að vera viss því sumar stjörnur eru svo þétt saman að erfitt getur verið að skilja þær í sundur. Af þeim stjörnum sem eru næstar sólinni í geimnum er um helmingur fjölstirni.

